

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um áfengisgjald.

1. *Hver hefur verið þróun áfengisgjalds frá árinu 1995 að nafnvirði og raungildi*
 - a. *á sterku áfengi,*
 - b. *á léttvíni,*
 - c. *á bjór?*

Umbeðnar upplýsingar eru sem hér segir:

a. Áfengisgjald af sterku víni árið 1995 var 58,70 kr. á hvern sentilíttra af vínanda, umfram 2,25 sentilíttra í hverjum lítra. Árið 1998 var áfengisgjaldi af sterku víni breytt á þann veg að það var lækkað í krónum talið miðað við hvern sentilíttra af vínanda, eða niður í 57,60 kr. en á móti kom að gjaldfrelsi fyrstu 2,25 sentilítranna í hverjum lítra var fellt niður. Þetta þýddi í raun að gjaldið af hverjum sentilíttra af vínanda hækkaði úr 55,40 kr. í 57,50 kr., eða um 3,8%. Gjaldið hélst síðan óbreytt þar til nýverið þegar það hækkaði í 66,15 kr. eða um 15%. Heildarhækkun gjaldsins frá árinu 1995 er þannig liðlega 19% en á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæplega 30%. Á mælikvarða vísitölu neysluverðs er gjaldið því um það bil 51 kr. að raungildi á verðlagi ársins 1995 og hefur þannig lækkað um 8% að raungildi frá því ári að teknu tilliti til nýlegrar hækkunar.

b. Áfengisgjald af léttu víni árið 1995 var 58,70 kr. á hvern sentilíttra af vínanda, umfram 2,25 sentilíttra í hverjum lítra, eða það sama og af sterku víni. Árið 1998 var gjaldið lækkað niður í 52,80 kr., eða um 10% og hefur haldist óbreytt síðan. Það þýðir að gjaldið hefur lækkað um meira en 30% að raungildi frá árinu 1995 á mælikvarða vísitölu neysluverðs.

c. Áfengisgjald af bjór árið 1995 var 58,70 kr. á hvern sentilíttra af vínanda, umfram 2,25 sentilíttra í hverjum lítra, eða það sama og af sterku víni. Það gjald hefur ekkert breyst á tímabilinu. Í því felst að gjaldið hefur lækkað um 25% að raungildi á umræddu tímabili.

2. *Hver hefur verið hækkun neysluverðsvísitölu á sama tíma?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæplega 30% á þessu tímabili.

3. *Hefur þróun áfengisgjalds endurspeglast í verðlagningu áfengis á sama tíma að teknu tilliti til gengisþróunar?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur áfengisverð þróast sem hér segir frá miðju ári 1995 þar til í nóvember 2002:

Áfengisverð:

Sterkt vín	15,4%
Léttvín	14,4%
Bjór	19,1%

Til samanburðar:

Bandaríkjadalur	33,9%
SDR	14,4%

Samanburður við gengisþróun er afar erfiður þar sem markaðir fyrir innflutt áfengi eru mjög dreifðir. Þróun á gengi SDR er líklega heppilegasti mælikvarðinn þegar á heildina er litið, en hækkun þeirrar gengisviðmiðunar nemur 14,4% á því tímabili sem um ræðir. Hún er því sú sama og verðhækkun léttvíns, þrátt fyrir að áfengisgjald af léttu víni hafi lækkað um 10% á sama tímabili. Þess má geta að meira er framleitt af bjór innanlands en flutt er inn.